

31. október 2007

## Vaxtamunur

Þau mistök áttu sér stað þegar fyrirspurn Þorvaldar Gylfasonar prófessors um vaxtamun bankanna var svarað að hann fékk í hendur gögn um vexti verðtryggðra innlána í stað óverðtryggðra. Seðlabankinn hefur leiðrétt þessa augljósu skekkju við Þorvald og beðið hann afsökunar.

Vaxtamun banka má reikna með nokkrum aðferðum. Ein er sú að reikna mun á vaxtatekjum og vaxtagjöldum banka sem hlutfall af niðurstöðutölu efnahagsreiknings. Þessi aðferð er gjarnan notuð við samanburð á vaxtamun milli landa. Í ritinu Fjármálastöðugleiki sem Seðlabanki Íslands gaf út í apríl í ár er mynd á síðu 45 þar sem vaxtamunur samstæðna íslensku bankanna er sýndur, mældur með þessari aðferð. Myndin sýnir að vaxtamunur hefur lækkað að undanfögnu og verið um 1,9% á síðasta ári.

Önnur aðferð er sú sem Þorvaldur Gylfason notar og felst í því að velja inn- og útlánsflokka og bera saman vaxtakjör þeirra. Þessi aðferð er talsvert vandasöm, þar sem það skiptir verulegu máli hversu mikið notuð viðkomandi innlánsform eru og skipta þar m.a. máli binding fjár og kvaðir sem kunna að fylgja innlögn eða útlausn þess. Alþjóðlegar fyrirmyndir eru sama marki brenndar og því er óhægt um vik að bera saman vaxtamun banka milli landa með þessum aðferðum.

Engu að síður hefur Seðlabankinn gert tilraun til að meta vaxtamun bankastofnana með þessari aðferð og sýnir hér tvö dæmi, en undirstrika ber að þessar aðferðir eru ekki endilega réttari en aðrar. Þann fyrirvara verður að gera að vextir peningamarkaðsreikninga, sem í þessu tilvikinu eru notaðir sem viðmið á innlánsvöxtum, eru ekki vegnir á milli bankastofnana, þar sem upplýsingar um notkun þeirra liggja ekki fyrir. Að auki eru ólíkir skilmálar á milli stofnana um bindingu og fjárhæðarmörk. Meðalvextir óverðtryggðra skuldabréfa eru notaðir á útlánshlið í öðru dæminu (Mismunur 1) en meðalkjörvextir óverðtryggðra skuldabréfalána eru notaðir í hinu dæminu (Mismunur 2). Niðurstaða þessa mats er eftirfarandi:

*Tafla: Tvö dæmi um vaxtamun bankastofnana*

Ár	Meðalvextir peninga- markaðs- reikninga (1)	Meðalvextir óverðtryggðra skuldabréfa- lána (2)	Mismunur 1 (2) - (1)	Meðalkjörvextir óverðtryggðra skuldabréfa- lána (3)	Mismunur 2 (3) - (1)
1999	7,79	13,62	5,83	9,99	2,20
2000	10,30	16,67	6,37	13,19	2,89
2001	10,63	17,96	7,33	14,47	3,84
2002	8,11	15,38	7,26	11,99	3,88
2003	4,74	12,01	7,27	8,69	3,96
2004	4,64	12,19	7,55	8,71	4,07
2005	6,90	14,78	7,88	11,64	4,74
2006	9,97	17,80	7,83	14,80	4,82
2007*	11,67	19,25	7,58	16,67	5,00

\*Frá 1. janúar til og með 21. október 2007.  
Nánari skýringar á efni töflunnar eru í texta.

Upplýsingasvið Seðlabanka Íslands